

Mál nr. 127/2019**M og
V vegna húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.****Gögn.**

Málskot, móttekið 04.04.2019 ásamt fylgiskjali.

Bréf V, dags. 16.04.2019, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum á þann hátt að hún og eiginmaður hennar hafi orðið vör við raka í málningu á neðri hæð fasteignar sinnar, fyrir neðan baðherbergi. Í kjölfarið hafi þau losað niðurfall úr sturtunni, þrifið það og fest betur, og eftir það hafi ekki orðið vart við leka. Telur M að umrætt tjón falli undir gildissvið húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að um notendaleka sé að ræða sem falli utan vátryggingasviðs vátryggingarinnar. Samkvæmt skoðun pípulagningarmanna á vegum V hafi fúga í sturtuklefa verið sprungin og kittun meðfram sturtubotni orðin gisin og óþétt. Þegar vatni hafi verið sprautað á sturtuvegg hafi þannig komið taumar niður með sturtubotni og vegg. Hins vegar hafi hvorki fundist leki frá botnventli né neyslulögnum. Því sé ekki um að ræða vatnstjón sem sé bótaskyld samkvæmt skilmálum viðeigandi vátryggingar.

Álit.

Í skilmálum húseigendatryggingar hjá V er í 2. gr. kveðið á um bótasvið vátryggingarinnar. Þar kemur m.a. fram í gr. 2.1 að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum vökva sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.

Meðal gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina eru myndir af kitti meðfram sturtubotni og má sjá glufur í kittinu þar sem það virðist hafa losnað frá. Þá hefur jafnframt verið lögð fyrir nefndina lýsing verktaka sem skoðaði umrætt tjón fyrir hönd V. Af henni má ráða að ekki leki með botnventli og að umrætt tjón megi rekja til leka með fúgu. Þar sem þessari lýsingu hefur ekki verið hnekkkt verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að umrætt vatnstjón megi rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatns- hita eða frárennislögnum, svo sem áskilið er í áðurnefndri skilmálagrein. Hefur því ekki verið sýnt fram á að bótaskylda úr húseigendatryggingu sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.